

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilið Eir.

I. KAFLI

Stofnendur – markmið – stofnfé.

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Eir. Heimilisfang og varnarþing stofnunarinnar er að Hlíðarhúsum 3-7, Reykjavík.

Stofnunin heyrir undir lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Stofnaðilar voru eftirtalin sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir:

Reykjavíkurborg.

Seltjarnarneskaupstaður.

Samtök blindra og blindravina.

Sjómanna dagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði.

Sjálfsseignarstofnunin Skjól.

VR.

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS).

2. gr.

Markmið og hlutverk Eirar er að veita umönnun, hjúkrun og aðra skylda þjónustu, meðal annars með því að reisa og reka hjúkrunarheimili.

Markmiðum þessum skal meðal annars ná með því:

- i) að afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana;
- ii) að leita eftir fjárframlagi/fjárframlögum frá stjórnvöldum;
- iii) að leita eftir samstarfssamningum, sbr. 12. gr. skipulagsskrár þessarar.

3. gr.

Stofnfé Eirar var kr. 365.000 og skal það haldast óskert og ávaxtað í samræmi við markmið stofnunarinnar. Aðilar að stofnuninni bera engar fjárhagslegar skuldbindingar umfram stofnfjárframlag vegna sjálfsseignarstofnunarinnar, aðrar en þær sem ákveðnar verða í sérstökum samstarfssamningum, sbr. 12. gr.

II. KAFLI

Fulltrúaráð.

4. gr.

Hver aðili sem stendur að stofnuninni velur 3 menn og 2 menn til vara, til fjögurra ára setu í fulltrúaráði, nema Reykjavíkurborg sem velur 7 fulltrúa og 4 til vara. Jafnframt skulu eftirfarandi aðilar að stofnuninni velja 3 menn hver til fjögurra ára setu í fulltrúaráði og 2 varamenn.

Brynja – hússjóður Öryrkjabandalagsins.

Efling stéttarfélag.

S.Í.B.S.

Mosfellsbær.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

- i) að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og þeirra aðila er standa að stofnuninni;
- ii) að kjósa stjórn og 2 skoðunarmenn reikninga til fjögurra ára;
- iii) að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

5. gr.

Fundir fulltrúaráðs Eirar skulu að jafnaði vera a.m.k. tveir á ári, aðalfundur (vorfundur) og haustfundur.

Aukafund skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að kröfu meirihluta fulltrúaráðs. Jafnframt er skylt að halda aukafund ef tveir aðilar að stofnuninni óska þess eða ef endurskoðandi stofnunarinnar fer þess á leit.

Stjórn Eirar boðar til fulltrúaráðsfunda, aðal- og aukafunda. Til fulltrúaráðsfundar skal boðað með tveggja vikna fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt og skal dagskrár getið í fundarboði. Fundur telst löglegur ef réttilega er til hans boðað.

Fulltrúaráðsfundum stýrir fundarstjóri sem kosinn skal af fundarmönnum.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög og skipulagskrá þessi kveði á um annað. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti úrslitum. Fundir fulltrúaráðsins eru lögmætir ef meira en helmingur fulltrúaráðsmanna er viðstaddur.

Hver fulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með viku fyrirvara.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar (vorfundar) skal jafnan vera:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.
2. Kynning ársreikninga.
3. Tillögur um breytingar á skipulagskrá stofnunarinnar, löglega upp bornar, sbr. 18. gr.
4. Kosning stjórnar ef við á, sbr. 7. gr.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, ef við á, sbr. 4. gr.
6. Önnur mál, löglega upp borin.

III. KAFLI

Stjórn – framkvæmdastjóri.

7. gr.

Stjórn Eirar skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Stjórnin skal kjörin á aðalfundi fulltrúaráðs til fjögurra ára í senn. Formaður skal kjörinn fyrst, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðs. Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi svo og varamenn.

Stjórnin skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör.

Forfallist formaður tekur varaformaður sæti hans.

8. gr.

Stjórn Eirar fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni hennar og annast um að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin ræður jafnframt framkvæmdastjóra; framkvæmdastjóra lækninga, framkvæmdastjóra hjúkrunar og aðra stjórnendur.

Stjórnin skal annast um að eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna hennar.

9. gr.

Stjórn Eirar skal funda reglulega og skulu fundir skráðir í gerðabók. Formaður stjórnar skal annast fundarboðun. Formanni stjórnar er skylt að boða til stjórnarfundar ef einhver stjórnarmanna fer þess á leit.

Stjórnin telst ályktunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, enda hafi þess verið kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

Stjórnin skal setja sér sérstakar starfsreglur.

10. gr.

Framkvæmdastjóri Eirar annast daglegan rekstur hennar og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn setur honum. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóri eða aðrir starfsmenn í umboði hans ráða annað starfsfólk en um getur í 8. grein.

IV. KAFLI

Reikningsár og endurskoðun.

11. gr.

Starfsár og reikningsár Eirar er almanaksárið. Á hverju ári skal semja ársreikning og skal stjórnin hafa lokið gerð hans eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Reikningurinn skal afhentur kjörnum skoðunarmönnum til athugunar. Ríkisendurskoðun skal endurskoða ársreikning Eirar í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, þ.m.t. bókhaldsgögn og aðra þætti er varða rekstur Eirar og fjárhagsstöðu.

V. KAFLI

Samstarfssamningur og vistun.

12. gr.

Óski einhver aðili eftir samstarfi um þjónustu, skal stjórnin gera um það sérsamning við hlutað-eigandi aðila.

13. gr.

Stjórn Eirar ákveður hvernig vistun skuli háttáð og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

VI. KAFLI

Tilnefningarréttur í fulltrúaráð – slit stofnunarinnar.

14. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum sem hafa tilnefningarrétt í fulltrúaráð Eirar með samþykki 2/3 viðstaddra fulltrúaráðsmanna. Hætti einhver aðili þátttöku, fækkar fulltrúum í fulltrúaráði að réttri tildölu.

15. gr.

Telji fulltrúaráð Eirar sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar áfram, skal hverjum aðila gefinn kostur á að taka við rekstrinum enda verði hlutverk stofnunarinnar óbreytt.

Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum hennar til ríkisins, ef ekki er kveðið á um annað í sérstökum samningum, með þeirri kvöð að hún verði áfram nýtt í þágu aldraða.

VII. KAFLI

Heimild til að skuldbinda stofnunina.

16. gr.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur stofnunina.

17. gr.

Stjórn stofnunarinnar veitir prókúruumboð.

VIII. KAFLI

Skipulagsskrá.

18. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 2/3 viðstaddra fulltrúaráðsmanna falli á þann veg á fulltrúaráðsfundi, enda hljóti breytingin staðfestingu lögbærra yfirvalda.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu hafa borist stjórn stofnunarinnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Tillögur sem berast stjórn skulu sendar fulltrúaráðsmönnum til kynningar.

Sendu skal breytingartillögur með fundarboði.

19. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir stofnunina sem staðfest var 13. desember 1990. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari og fellur þá eldri skipulagsskrá úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 5. maí 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.